

Sp.

67. Tillaga til þingsályktunar

[62. mál]

um upplýsinga- og merkingaskyldu við ríkisframkvæmdir.

Flm.: Skúli Alexandersson, Sigurður Magnússon.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hlutast til um að við allar nýbyggingar og meiri háttar framkvæmdir á vegum ríkisins, ríkisstofnana og við framkvæmdir, sem ríkið er a. m. k. helmingsaðili að, verði við upphaf framkvæmda sett upp skilti sem á verði skráðar upplýsingar um framkvæmdina. Slíkt skilti verði uppi allan framkvæmda- eða byggingartíma.

Félagsmálaráðherra setji reglugerð um gerð slíkra skilta.

Greinargerð.

Þingsályktunartillaga þessi var flutt á 102. löggjafarþinginu, en hlaut ekki afgreiðslu fyrir þinglok. Tillagan er nú flutt að nýju.

Mikið skortir á að upplýsingar um það, sem er að gerast á vegum ríkisins, bæði í sambandi við félagslega starfsemi og framkvæmdir, séu fyrir hendi eða séu veittar á eðlilegan og aðgengilegan hátt, án þess að sérstaklega sé eftir leitað.

Almenningur á sæmilega greiðan aðgang að upplýsingum um hversu mikið fé er veitt til hinna ýmsu verkefna á fjárlögum hvers árs, en upplýsingar um það, hvernig féð nýtist — í hvað fjármagnið fer, koma sjaldan fram þannig að almenningur hafi aðgang að. Þar sem mannvirki eru reist á vegum ríkisins og kostuð af almannafé er sjálfsagt að þau séu vel merkt þannig að byggjandinn, þ. e. almenningur, sjái, hvað sé verið að framkvæma á hans kostnað, og geti fylgst nokkuð með hvernig framkvæmdum miðar áfram.

Með samþykkt þeirrar þingsályktunartillögu, sem hér er lögð fram, væri stigið skref í þá átt að veita á aðgengilegan og ódýran hátt nokkrar upplýsingar um framkvæmdir á vegum ríkisins, auk þess sem samþykkt hennar áorkaði því að aðrar upplýsingar, sem sjálfsagt er að séu veittar við allar framkvæmdir, hvort sem er á vegum ríkisins eða einstaklinga, kæmu fram.

Framkvæmdir má merkja með stóru og greinargóðu skilti, er komið verði fyrir á áberandi stað. Upplýsingar á slíku skilti væru t. d.: Heiti mannvirkis, byggingaraðili, tilgangur, nöfn verkfræðings, arkitekts og annarra hönnuða, verktaka og stjórnenda.

Kostnaðaráætlun þyrfti að sýna og geta um upphafsár framkvæmda og áfangaskipti ef um meiri háttar framkvæmdir er að ræða. Útlits- eða yfirlitsmynd er æskileg þar sem því verður við komið. Fleira mætti nefna.

Upplýsingar þær, sem hér er lagt til að komið verði á framfæri, gætu dregið úr þeim misskilningi að hálfnað sé verk þá hafið er. Þær gætu orðið mönnum hvatning til að stytta framkvæmdatíma og botnplötum og grunnnum, sem standa óhreyfðir í mörg ár, mundi fækka. Auk hinnar sjálfsögðu upplýsingaþjónustu mundi slík merking geta orðið til þess að drifin yrðu af byrjuð og hálfnuð verk og framkvæmdir ekki látnar standa yfir of langan tíma.